

**Nr. 20-022 S 015 Guðjón Arnar ÍS 708****Sekkur á Flateyri**

Skipaskr.nr.: 1791  
 Smíðaður: Hafnarfirði 1987, stál  
 Útgerð: Útgerðarfélagið Ískrókur ehf.  
 Stærð: 10,7 brl. 16,9 bt.  
 Mesta lengd: 11,99 m Skráð lengd: 11,97 m  
 Breidd: 3,81 m Dýpt: 1,9 m  
 Vél: DAF 176 kW, 1987  
 Fjöldi skipverja: 0

**Gögn:**  
 Gögn RNSA



Guðjón Arnar©NN

Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 14. janúar 2020 var togbáturinn Guðjón Arnar ÍS 708 við bryggju á Flateyri.

Um kl. 23:30 féll snjóflóð úr Skollahvilt fyrir ofan bæinn og náði flóðið niður í höfnina með þeim afleiðingum að Guðjón Arnar sökk og skemmdist ásamt öðrum bátum.



Mynd 1 Myndin sýnir hvernig snjóflóðið féll í höfnina



Mynd 2 Guðjón Arnar í hífingu en hann hafði verið dreginn í kafi að bryggju

***Við rannsókn kom fram:***

- að RNSA ákvað að skrá þetta óvenjulega atvik til að upplýsingar um það og hugsanleg afdrif Guðjóns Arnars væru til. Guðjón Arnar var í notkun og hafði gilt hæfærissskírteini til 25.2.2020;
- að Guðjón Arnar (*Hafðís NK 50*) sökk við bryggju á Neskaupsstað 16.8.2008 vegna tæringar frá aðskotahlut í kjöl (*mál nr. 110/08 há RNS*).

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð.